

Leikskólinn Hraunheimar leitar að leikskólakennara

Ertu skapandi, metnaðarfull(ur) og með brennandi áhuga á að vinna með börnum í umhverfi þar sem leikurinn er í forgrunni?

Leikskólinn Hraunheimar í Þorlákshöfn er fjögurra deilda leikskóli sem mun opna 1. september 2025. Við leggjum áherslu á að skapa umhverfi þar sem börn læra í gegnum leik, þróa hæfni sína á fjölbreyttum sviðum og verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Hugmyndafræði leikskólans byggir á læsi í víðu samhengi þar sem lögð er áhersla á eftirfarandi læsisþætti:

- ❖ Félags- og tilfinningalæsi
- ❖ Umhverfis- og samfélagslæsi
- ❖ Stafa- og stærðfræðilæsi
- ❖ Heilsulæsi
- ❖ Faglegt læsi starfsmanna og foreldra

Starfsmenn leikskólans munu vinna saman í teyllum, þvert á deildir með það að markmiði að efla faglegt læsi starfsmanna, viðhalda og þróa stefnu leikskólans og byggja upp öflugt lærdómssamfélag þar sem allir starfsmenn hafa rödd og fá tækifæri til að læra hverjir af öðrum.

Hægt er að lesa meira um hugmyndafræði Hraunheima [hér](#) og á [facebooksíðu](#) Hraunheima.

Um er að ræða 80-100% stöðu og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf **14-20. ágúst** næstkomandi, jafnvel fyrr. Öll kyn eru hvött til að sækja um.

Helstu verkefni og ábyrgð

- ❖ Vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu.
- ❖ Skipuleggja og framkvæma fjölbreyttar náms- og leikjastundir í samræmi við stefnu leikskólans.
- ❖ Hlúa að jákvæðum samskiptum, vellíðan og félagslegri færni barna.
- ❖ Vinna í góðu samstarfi við börn, foreldra og samstarfsfólk.
- ❖ Taka þátt í teymisvinnu þvert á deildir.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ❖ Leyfisbréf kennara eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- ❖ Reynsla af vinnu í leikskóla æskileg.
- ❖ Áhugi og vilji til að vinna í anda læsis í víðu samhengi.
- ❖ Góð samskiptahæfni, jákvæðni og skipulagshæfni.
- ❖ Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi.
- ❖ Góð íslenskukunnátta

Við bjóðum

- ❖ Einstakt tækifæri til að taka þátt í að móta nýjan leikskóla
- ❖ Góðan stuðning í starfi, tækifæri til símenntunar og faglegs vaxtar.
- ❖

Laun eru skv. kjarasamningum leikskólakennarafélagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga)

Fáist ekki starfsmaður með leyfisbréf til kennslu, kemur til greina að ráða háskólamenntaðan einstakling eða einstakling með reynslu af starfi með börnum, sbe. Lög nr 95/2019.

Skilyrði að viðkomandi geti framvísað hreinu sakavottorði.

Umsóknarfrestur er til 17. júní 2025.

Nánari upplýsingar veita:

Hrafnhildur Hlín, leikskólastjóri, og Jóhanna Margrét, sviðstjóri Fjölskyldu- og fræðslusviðs í síma 480-3800 eða í tölvupósti á hrafnhildurh@olfus.is / jmh@olfus.is

Ef þú vilt taka þátt í að byggja upp framsækinn leikskóla með sterka menntastefnu, þá er þetta tækifærið fyrir þig!